



Hildur Þóra Ólafsdóttir og Jón Ágúst Stefánsson.



Þórður Þórkelsson barnalæknir.

Tónlistar- kvöld LÍ

Læknafélag Íslands fagnar 100 ára afmæli sínu á hverjum degi allt þetta ár, og það er af nógum efniviði af taka, bæði faglegum, félagslegum og listrænum! Í mars var haldið upp á að margir læknar hafa yndi og unun af tónlist og iðka hana stíft. Föstudagskvöldið 16. mars varð fyrir valinu til hylla tónlistargjöfuna, og

stóri salurinn í Læknafélaginu í Hlíðasmára sem hefur nú fengið andlitslyftingu reyndist prýðilegur til tónlistarflutnings.

Michael Clausen sá um að setja saman dagskrána og Sunna Snædal var kynnr kvöldsins. Ellefu hljómsveitir/flytjendur stigu á stökk og trylltu áheyrendur sem skipuðu hvert sæti í salnum og



Brjánn Á. Bjarnason barnageðlæknir, Ari Agnarsson músikant og Konstantín Shcherbak öldrunarlæknir. Myndir: Margrét Aðalsteinsdóttir.



Brjánn Á. Bjarnason barnageðlæknir, Ari Agnarsson músikant og Konstantín Shcherbak öldrunarlæknir. Myndir: Margrét Aðalsteinsdóttir.



Hljómsveitin Strengir gegn öldrun, en hana skipa frá vinstri: Helga Eyj-ólfsdóttir öldrunarlæknir, Konstantín Shcherbak öldrunarlæknir, María Björk Steinarsdóttir líffræðingur, Jóna Þórsdóttir músikmeðferðarfræðingur, Guðlaug Þórsdóttir öldrunarlæknir, Steinunn Kristín Jónsdóttir félagsráðgjafi og Steinunn Þórðardóttir öldrunarlæknir.



Bolli Þórsson og Ingólfur Kristjánsson, þeir eru í sveitinni Mínir menn.



Mannaveiðar: Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Sólveig Halldórsdóttir og Edda Pálsdóttir unglæknar.

tóku þessum viðburði fagnandi. Ekki verður annað séð en að innan raða lækna og læknanema séu fjölmargir kraftar sem eiga fullt erindi fram á listasviðið. En þeir sem heima sátu þetta umrædda kvöld geta séð hér á youtube brot af skemmtuninni: https://www.youtube.com/watch?v=YUPI_gKTDcQ



Hér er Ragnar Danielsen ásamt Sigurgeiri Sigmundssyni.

AA fundir lækna endurvaktir!

Kæru læknar

Fundirnir verða haldnir á fimmtudagskvöldum kl. 20-21, - allir eru velkomnir sem hafa löngun til að vera án áfengis eða annarra vímuefna. Þetta eru sjálfshjálparfundir þar sem fólk deilir sinni reynslu, hlustar á aðra og nýtur góðrar samveru.

Staður: Von, Efstaleiti 7, Reykjavík, efri hæð í fundarherberginu Reykjadal.

Látið berast og látið sjá ykkur :)